

# Hitaveita Rangæinga

---

Ársreikningur

---

**2006**

Hitaveita Rangæinga  
Eyjasandi 9  
850 Hella  
kt. 450382-0199

---

# Hitaveita Rangæinga

---

Ársreikningur

---

2006

---

**Efnisyfirlit**

Áritun óháðs endurskoðenda	2
Áritun forstjóra	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7

---

# Áritun óháðs endurskoðenda

---

Til stjórnar og eigenda Hitaveitu Rangæinga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hitaveitu Rangæinga fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits fyrirtækisins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 7. mars 2007

**Deloitte hf.**

Páll Grétar Steingrímsson  
endurskoðandi

# Áritun forstjóra

---

Hagnaður á Hitaveitu Rangæinga á árinu 2006 nam kr. 51.109.846. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir fyrirtækisins kr. 768.563.801, bókfært eigið fé í lok ársins er kr. 178.166.680 og er eiginfjárlutfall fyrirtækisins 23,18%.

Að álitum forstjóra Hitaveitu Rangæinga koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu fyrirtækisins í lok ársins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur staðfestir hér með ársreikning Hitaveitu Rangæinga fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. mars 2007

**Forstjóri**

## Rekstrarreikningur ársins 2006

	Skýr.	2006	2005
Rekstrartekjur .....		104.395.477	83.370.281
Laun og tengd gjöld .....		0	(2.355.989)
Annar rekstrarkostnaður .....		(41.670.751)	(47.512.792)
Afskriftir .....	5	(26.759.485)	(25.155.849)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<b>35.965.241</b>	<b>8.345.651</b>
Fjármunatekjur .....	3	1.203.674	2.820.643
Fjármagnsgjöld .....	4	(64.201.127)	(49.917.706)
Tap fyrir skatta .....		(27.032.212)	(38.751.412)
Tekjuskattur .....	8,9	78.142.058	0
<b>Hagnaður ársins</b>		<b>51.109.846</b>	<b>(38.751.412)</b>

# Efnahagsreikningur

---

## Eignir

	Skýr.	31.12.2006	31.12.2005
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	5	662.751.997	637.729.225
Reiknuð skattinnegin .....	8	78.142.058	0
		<u>740.894.055</u>	<u>637.729.225</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		9.746.915	13.240.297
Aðrar skammtímakröfur .....		11.194.041	7.315.987
Handbært fé .....		6.728.790	7.778.799
		<u>27.669.746</u>	<u>28.335.083</u>
<b>Eignir</b>		<u>768.563.801</u>	<u>666.064.308</u>

## 31. desember 2006

---

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2006	31.12.2005
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	6	178.166.680	127.056.834
Eigið fé		<u>178.166.680</u>	<u>127.056.834</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Langtímalán .....	7	515.370.382	490.856.193
		<u>515.370.382</u>	<u>490.856.193</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		13.769.147	8.631.103
Skuld við Orkuveitu Reykjavíkur .....		43.988.130	3.417.179
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	7	9.603.175	28.141.635
Aðrar skammtímaskuldir .....		7.666.287	7.961.364
		<u>75.026.739</u>	<u>48.151.281</u>
Skuldir		<u>590.397.121</u>	<u>539.007.474</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>768.563.801</u>	<u>666.064.308</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2006

	Skýr.	2006	2005
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		35.965.241	8.345.651
Afskriftir .....		26.759.485	25.155.849
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>62.724.726</b>	<b>33.501.500</b>
Viðskiptakröfur (hækkun) lækkun .....		(384.672)	13.272.655
Viðskiptaskuldir hækkun (lækkun) .....		5.138.044	(1.805.494)
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>67.478.098</b>	<b>44.968.661</b>
Innborgaðir vextir og arður .....		1.203.674	2.820.643
Greiddir vextir .....		(29.605.669)	(29.149.238)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>39.076.103</b>	<b>18.640.066</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	5	(51.782.257)	(78.871.633)
		(51.782.257)	(78.871.633)
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>			
Innborgun frá fyrri eigendum .....		0	45.000.000
Orkuveita Reykjavíkur .....		40.570.951	3.417.179
Afborganir langtímaskulda .....		(28.914.806)	(27.405.182)
		11.656.145	21.011.997
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....		(1.050.009)	(39.219.570)
Handbært fé í upphafi árs .....		7.778.799	46.998.369
Handbært fé í lok ársins .....		6.728.790	7.778.799
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Veltufé frá rekstri .....		34.617.808	7.644.361

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Hitaveita Rangæinga er þjónustufyrirtæki í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og rekur hitaveitu á þjónustusvæði sínu.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Hitaveitu Rangæinga fyrir árið 2006 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum fyrirtækisins.

### Áhættustjórnun

Almenn stefna fyrirtækisins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá fyrirtækinu.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.



# Skýringar

---

## 2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok ársins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að fyrirtækið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Fjármunatekjur

	<u>2006</u>	<u>2005</u>
Vaxtatekjur .....	1.203.674	2.820.643
	<u>1.203.674</u>	<u>2.820.643</u>

## 4. Fjármagnsgjöld

	<u>2006</u>	<u>2005</u>
Fjármagnstekjuskattur .....	0	(220.069)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	(64.201.127)	(49.697.637)
	<u>(64.201.127)</u>	<u>(49.917.706)</u>

# Skýringar

## 5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Dælustöð, aðveita	Dreifikerfi	Veitukerfi Kaldárholti	Borholur hitaréttindi og hönnun	Kyndistöð
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	409.718.485	225.900.914	242.732.860	206.374.598	40.907.843
Eignfært á árinu .....	12.146.184	35.522.264	3.917.494		
Staða í árslok .....	421.864.669	261.423.178	246.650.354	206.374.598	40.907.843
<b>Afskriftir</b>					
Staða í ársbyrjun .....	146.071.608	95.767.967	47.531.973	178.960.256	27.800.578
Afskrift ársins .....	8.234.853	4.689.255	5.428.420	4.844.206	1.636.314
Staða í árslok .....	154.306.461	100.457.222	52.960.393	183.804.462	29.436.892
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð í ársbyrjun .....	263.646.877	130.132.947	195.200.887	27.414.342	13.107.265
Bókfært verð í árslok .....	267.558.208	160.965.956	193.689.961	22.570.136	11.470.951
Afskriftarhlutföll .....	2%	2%	2%	1-4%	4%
	Orkuver Laugalandi	Fasteignir	Áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	2.751.335	17.102.041	10.599.891	673.838	1.156.761.805
Eignfært á árinu .....	196.315				51.782.257
Staða í árslok .....	2.947.650	17.102.041	10.599.891	673.838	1.208.544.062
<b>Afskriftir</b>					
Staða í ársbyrjun .....	29.142	13.804.623	8.459.979	606.454	519.032.580
Afskrift ársins .....	92.660	684.082	1.149.695		26.759.485
Staða í árslok .....	121.802	14.488.705	9.609.674	606.454	545.792.065
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð í ársbyrjun .....	2.722.193	3.297.418	2.139.912	67.384	637.729.225
Bókfært verð í árslok .....	2.825.848	2.613.336	990.217	67.384	662.751.997
Afskriftarhlutföll .....	4%	4%	20%	20%	

Hitaveita Rangæinga hefur einkarétt til jarðborana eftir heitu vatni í landi jarðarinnar Kaldárholti og til að virkja og nýta allan jarðhita sem þar fæst með borun.

Fasteignamat og brunabótamat eigna fyrirtækisins í árslok 2006 greinist þannig:

	Fasteignamat	Brunabótamat
Fasteignir og lóðir .....	65.501.000	167.850.000

# Skýringar

## 6. Eigið fé

	Stofn- framlag	Annað frjálst eigið fé	Eigið fé samts
Eigið fé 1.1.2006 .....	12.000.000	115.056.834	127.056.834
Hagnaður ársins .....		51.109.846	51.109.846
Eigið fé 31.12.2006 .....	12.000.000	166.166.680	178.166.680

## 7. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2005	31.12.2006
Skuldir í ISK .....	524.973.557	518.997.828
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	(9.603.175)	(28.141.635)
Langtímaskuldir í lok tímabilsins .....	515.370.382	490.856.193

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir
Næsta árs afborganir .....	9.603.175
Afborganir 2008 .....	9.603.175
Afborganir 2009 .....	27.208.995
Afborganir 2010 .....	27.208.995
Afborganir 2011 .....	27.208.995
Afborganir síðar .....	424.140.222
	524.973.557

## 8. Reiknuð tekjuskattsinneign

	Reiknuð skattinneign
Áætluð staða í byrjun árs .....	71.113.683
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2006 .....	7.028.375
Staða í árslok .....	78.142.058

**Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:**

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	64.160.677
Aðrir liðir .....	520.000
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi .....	13.461.381
	78.142.058

**Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:**

Frá hagnaði árunna 2007 - 2016 .....	51.774.542
--------------------------------------	------------

# Skýringar

---

## 9. Skattamál

Hitaveita Rangæinga hefur verið undanþegin tekjuskatti en með lögum nr. 50/2005 um skattskyldu orkufyrirtækja er fyrirtækið orðið skattskyldt í samræmi við 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Lögin koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2007 vegna tekna á árinu 2006.

Skattalegt verð eigna og skulda fyrirtækisins er ekki það sama og bókfært verð þeirra 1. janúar 2006. Þetta leiðir af sér reiknaða tekjuskattsinneign sem færð var í efnahagsreikning fyrirtækisins þann 1. janúar 2006 að fjárhæð um 71 milljón króna og var mótbókunin í gegnum rekstrarreikninginn.

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi 7 milljónum króna auk ofangreindra 71 milljón króna eins og nánar má sjá í skýringu númer 8. Vakin er athygli á því að skattyfirvöld eiga eftir að samþykkja endanlega hvernig ofangreindir skattar og tekjuskattsinneign er reiknuð því gætu þessar fjárhæðir breyst eitthvað vegna þess. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2007 vegna rekstrar árinu 2006 þar sem tekjuskattstofn fyrirtækisins er neikvæður.

## 10. Ábyrgðir og veðsetningar

Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Ásahreppur hafa tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna skuldabréfalána samkvæmt útboði hjá KB banka hf., eftirstöðvar 172,8 milljónir króna og Íslandsbanka hf., eftirstöðvar 352,1 milljónir króna. Samkvæmt lánasamningi við Íslandsbanka hf. eru lánaákvæði um að uppgreiðsla skuldabréfanna sé óheimil.

## 11. Önnur mál

Hitaveitan hefur gert samning um húsaleigu við Rafmagnsveitur ríkisins um rými fyrir spennistöð í stjórn- og dælustöð að Laugalandi og er hann til 50 ára.

Gerðir hafa verið samningar um rekstrarleigu þriggja bifreiða. Samningar þessir eru ekki færðir í efnahagsreikning en leigugreiðslur gjaldfærðar í rekstrarreikningi. Árlegar greiðslur vegna þessara samninga nema um 1,3 milljónum króna.

Þann 1. janúar 1993 tók gildi ákvæði sem sett var í lög nr. 111/1992 þar sem lögfest er að sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns skuli bera 14% virðisaukaskatt. Samkvæmt reglugerð er Hitaveitu Rangæinga endurgreiddur hluti af álögðum virðisaukaskatti vegna sölu á heitu vatni eða 54% á árinu 2006.

Á árinu 2006 var gerður samningur við Ásahrepp um þáttöku þeirra í fjárfestingum Hitaveitu Rangæinga vegna stækkun hitaveitunnar. Samningurinn hljóðar uppá 110.000.000 en eftirstöðvar samningsins nú, kr. 88.000.000, mun Ásahreppur greiða Hitaveitu Rangæinga á næstu fjórum árum. Þær greiðslur sem Hitaveita Rangæinga fær vegna samningsins eru færðar til lækkunar á fjárfestingum.